

45. gr.

Iðnráð, sem skipuð eru skv. iðnaðarlögum nr. 42/1978, skulu athuga hverja umsókn um meistarabréf vandlega og gæta þess að uppfyllt séu ákvæði námskrár fyrir meistarakóla sem sett er samkvæmt 55. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105/1990 og skilyrði iðnaðarlaga nr. 42/1978 um veitingu bréfsins. Þau skulu gefa lögreglustjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum umsögn um umsóknina, en útgáfa meistarabréfa er í höndum þeirra embætta.

46. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 57/1988 um framhaldsskóla með áorðnum breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistaráttindi nr. 102/1990 með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 157/1992, reglugerð nr. 240/1993 og reglugerð nr. 581/1994.

Menntamálaráðuneytið, 20. október 1995.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

REGLUGERÐ

um ávaxtasafa og sambærilegar vörur.

I. KAFLI

Gildissvið og merking.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um ávaxtasafa og sambærilegar vörur sem skilgreindar eru í viðauka 1. Hún gildir ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis.

2. gr.

Þau heiti sem skráð eru í viðauka 1 gilda um vörur sem þar eru skilgreindar. Meðhöndlun þeirra og framleiðsla skal vera í samræmi við skilyrði í viðauka 1 og önnur ákvæði þessarar reglugerðar. Við framleiðslu er auk vatns aðeins heimilt að nota þau hráefni sem tilgreind eru í viðauka 2 og í samræmi við þau skilyrði sem þar eru sett.

3. gr.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum:

- a) heiti vörunnar í samræmi við skilgreiningar í viðauka 1. Fyrir vörur unnar úr einni tegund ávaxta kemur heiti þeirrar tegundar í staðinn fyrir orðið „ávöxtur“;
- b) fyrir vörur unnar úr tveimur eða fleiri tegundum ávaxta skal í tengslum við vöruheiti tiltaka þá ávexti sem notaðir eru, í röð eftir minnkandi magni safa eða mauks. Fyrir vörur úr þremur eða fleiri tegundum ávaxta er þó heimilt að merkja með „ávaxta-blanda“ eða tiltaka fjölda ávaxtategunda í stað þess að merkja heiti þeirra;

- c) merkingin „úr þykkní“ ásamt heiti þess, fyrir ávaxtasafa og nektar, sem að hluta eða öllu leyti eru unnir úr ávaxtaþykkní. Merking þessi skal vera á sama sjónsviði og merking sem fjallað er um í 1. mgr. 11. gr og c lið 42. gr. reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla;
- d) þar sem við á, merkingin „með viðbættum sykri“ ásamt upplýsingum um magn hans í grömmum í lítra. Uppgefið magn skal ekki vera meira en 15% umfram það magn sem bætt er í vöruna;
- e) merkingin „inniheldur aldinkjöt“ eða sambærileg merking fyrir ávaxtanektar sem eingöngu er unninn úr ávaxtamauki (þykktu eða ekki) eða ávaxtasafa og ávaxtamauki (þykktu eða ekki);
- f) magn vatns sem blanda skal í ávaxtaþykkní og ávaxtasafa í duftformi.

II. KAFLI

Eftirlit og gildistaka.

4. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í viðauka 1 séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

6. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 1. bókun, tilskipun 93/45/EBE um framleiðslu á nektar án viðbættis sykurs eða hunangs og tilskipun 93/77/EBE um ávaxtasafa og tilteknar sambærilegar vörur. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 51/1936 um aldinsafa og aldinsöft.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir vörutegundir sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar, er veittur frestur til 1. janúar 1997 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er sala vörunnar óheimil.

Umhverfísráðuneytið, 23. október 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Viðauki 1

Fullunnar vörur.

A. Skilgreiningar.

Ávaxtasafi:

Ógerjaður safi, sem getur gerjast. Unninn úr ávöxtum, ef til vill kældum og hefur lit, bragð og ilm einkennandi fyrir safi ávaxtarins sem hann er unninn úr.

Ávaxtasafi unninn úr þykkni er safi sem fæst með því að bæta í ávaxtaþykkni sama hlutfalli af vatni og skilið var frá við þykkinguna og sem hefur sömu eiginleika hvað varðar skynmat og samsetningu og annar safi úr sömu ávöxtum.

Safi sítrusávaxta skal unninn úr innlagi ávaxtanna (endocarp), að undanskildum safi súruldina sem heimilt er að vinna úr öllum ávextinum.

Ávaxtaþykkni:

Þykkni sem fæst með því að fjarlægja ákveðið hlutfall vatns úr ávaxtasafa með eðlisfræðilegum aðferðum. Ef varan er ætluð til beinnar neyslu skal þykkingin vera að minnsta kosti 50%.

Ávaxtanektar:

Ógerjuð vara, sem getur gerjast. Fengin með því að bæta vatni og sykri í ávaxtasafa, ávaxtaþykkni, ávaxtamauk, þykkt ávaxtamauk eða blöndu þeirra og er að öðru leyti í samræmi við ákvæði í viðauka 3.

Þurrkaður ávaxtasafi (í duftformi):

Vara sem unnin er með því að fjarlægja nánast allt vatn úr ávaxtasafa með eðlisfræðilegum aðferðum.

B. Skilyrði við framleiðslu.

1. Við framleiðslu á ávaxtasafa er heimilt að:

- blanda saman tveimur eða fleiri tegundum ávaxtasafa og/eða ávaxtamauks;
- nota köfnunarefni, pektólítíska, próteólítíska og amýlólítíska lífhvata, gelatín (matarlím), bentónít, tannín, kísilgel, kaolín (postulínsleir), viðarkol og óvirk efni til síunar;
- beita hefðbundnum eðlisfræðilegum aðferðum svo sem hitameðhöndlun, skiljun í skilvindu og síun;
- nota sykur (reiknað sem þurrvigð) með eftirfarandi skilyrðum, nema í peru- og þrúgasafa:
 - 15 g í lítra til að jafna sýrustig;
 - 40 g í lítra af eplasafa til bragðbætis;
 - 200 g í lítra af safi af sítrónu, súruldin, „bergamot“-aldin, sólberjum og rauðum og hvítum rífsberjum til bragðbætis;
 - 100 g í lítra af öðrum ávaxtasafa til bragðbætis.

Óheimilt er að bæta sykri í safi sem innihalda viðbættar sýrur í samræmi við ákvæði 5. töluliðar.

2. Við framleiðslu á ávaxtanektar er heimilt að:

- blanda saman fleiri en einni tegund af nektar, hugsanlega með íblöndun ávaxtasafa eða ávaxtamauks;
- nota efni og aðferðir samkvæmt b og c lið 1. töluliðar;

- c) bæta sykri í vöruna, þó ekki í magni yfir 20% af þyngd hennar. Heimilt er að nota hunang í stað sykurs með sömu skilyrðum;
 - d) nota apríkósur og ávextina í II. og III. hluta viðauka 3 eina sér eða blandaða til að framleiða nektar án viðbættis sykurs eða hunangs, þegar náttúrulegt sykurlinnihald þeirra er nægilega mikið til þess.
 - e) bæta vatni í vöruna, þó ekki í svo miklu magni að magn ávaxtasafa og/eða ávaxtamauks og magn sýru verði lægra en kveðið er á um í viðauka 3.
3. Við framleiðslu á ávaxtaþykkni er heimilt að:
- a) nota efni og aðferðir samkvæmt a-c lið 1. töluliðar;
 - b) nota sykurlinnihald í samræmi við d lið 1. töluliðar í þykkni sem ætlað er til dreifingar í neytendaumbúðum;
 - c) bæta allt að 15 g sykurs í lítra (reiknað sem þurrvigti) í þykkni sem ekki er ætlað til dreifingar beint til neytenda, til að jafna sýrustig;
 - d) nota rokkgjörn efni sem unnin hafa verið úr upprunalega safanum eða úr sambærilegum safi til að endurheimta bragð og ilm safans. Skyld er að nota slík efni í ávaxtaþykkni sem framleitt er til dreifingar beint til neytenda.
4. Við framleiðslu á ávaxtasafa á duftformi er, auk þess sem fram kemur í 3. tölulið, heimilt að nánast fullþurrka ávaxtasafa með eðlisfræðilegum aðferðum öðrum en þurrkun yfir opnum eldi. Skyld er að bæta í vöruna mikilvægustu rokkgjörnu efnunum sem tapast við þurrkunina.
5. Notkun aukefna skal í öllum tilvikum vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 579/1993 um aukefni í matvælum.

Viðauki 2

Hráefni.

Ávextir:

Skulu vera ferskir, hæfilega þroskaðir, heilir, óskaddaðir og með öllum mikilvægustu innihaldsefnum sínum. Tómatar eru hér ekki taldir til ávaxta.

Ávaxtamauk:

Ógerjuð vara, sem getur gerjast. Fengin með því að sía neysluhæfa hluta heilla eða afhýddra ávaxta án þess að fjarlægja safann.

Þykkt ávaxtamauk:

Vara sem fæst með því að fjarlægja með eðlisfræðilegum aðferðum ákveðið hlutfall vatns úr ávaxtamauki.

Sykur:

- sykurlinnihald sem falla undir reglugerð um sykurlinnihald og sykurlinnihald
- ávaxtasýkur (frúktósi)
- annar sykurlinnihald úr ávöxtum

Viðauki 3

Sérákvæði um ávaxtanektar.

Ávaxtanektar	Lágmarksmagn sýru (g vinsýru í lítra nektar)	Lág.magn ávaxtasafa og/eða ávaxtamauks (% miðað við þyngd)
I. Úr ávöxtum með mjög súrum, óneysluhæfum safu,		
Ástaraldin (<i>Passiflora edulis</i>)	8	25
Gullepli (<i>Solanum quitoense</i>)	5	25
Sólber	8	25
Hvít rifsber	8	25
Rauð rifsber	8	25
Stíkilsber (garðaber)	9	30
Þistilber (<i>Hippophae</i>)	9	25
Þyrnplómur (<i>Prunus spinosa</i>)	8	30
Plómur	6	30
Sveskjuplómur	6	30
Reyniber	8	30
Rósaldin (ávextir <i>Rosa</i> sp.)	8	40
Súr kirsuber	8	35
Önnur kirsuber	6 ¹⁾	40
Bláber	4	40
Ylber	7	50
Hindber	7	40
Jarðarber	5 ¹⁾	40
Mórber/brómber	6	40
Trönuber	9	30
Apríkósur	3 ¹⁾	40
Kveður	7	50
Sítrónur og súraldin	-	25
Aðrir ávextir sem tilheyra þessum flokki	-	25
II. Úr ávöxtum með óneysluhæfum safu, með lágu innihaldi sýru, miklu aldinkjöti eða eru bragðsterkir,		
Mangó	-	35
Bananar	-	25
Guava	-	25
Papayaaldin	-	25
Litkaaldin	-	25
Ávextir aseróltrésins (Neapolitan medlars)	-	25
Broddótt annóna (<i>Annona muricata</i>)	-	25
Uxarhjarta (<i>Annona reticulata</i>)	-	25
Sykurepli	-	25
Granatepli	-	25
Kasúhnetur	-	25
Spænskar plómur (<i>Spondia purpurea</i>)	-	25
Umbu (<i>Spondias tuberosa aroda</i>)	-	30
Aðrir ávextir sem tilheyra þessum flokki	-	25

Ávaxtanektar	Lágmarksmagn sýru (g vinsýru í lítra nektar)	Lágmarksmagn ávaxtasafa og/eða ávaxtamauks (% miðað við þyngd)
III. Úr ávöxtum með neysluhæfum safu.		
Epli	3 ¹⁾	50
Perur	3 ¹⁾	50
Ferskjur	3 ¹⁾	45
Sítrusávextir, fyrir utan sítrónur og súraldin	5	50
Ananas	4	50
Aðrir ávextir sem tilheyra þessum flokki	—	50

¹⁾ Á ekki við um ávaxtanektar sem eingöngu er unnin úr ávaxtamauki (þykktu eða ekki) eða ávaxtasafa og ávaxtamauki (þykktu eða ekki).

23. október 1995

Nr. 562

REGLUGERÐ

um 1. breytingu á reglugerð nr. 289/1994 um leysiefni til notkunar í matvælaíðnaði.

1. gr.

Viðauki reglugerðar nr. 289/1994 breytist á eftirfarandi hátt:

Leysiefninu sýklóhexani er bætt við III. hluta með leyfilegu hámarksmagni 1 mg/kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 94/52/EBE um 2. breytingu á tilskipun 88/344/EBE um leysiefni til notkunar í matvælaíðnaði. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytið, 23. október 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

23. október 1995

Nr. 563

REGLUGERÐ

um 1. breytingu á reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 2:

- Hámarksgildi varnarefna samkvæmt viðauka þessarar reglugerðar bætast við viðauka 2.
- Undirflokkurinn „Íðnaðarkartöflur“, bætist við flokk 5 „Kartöflur“.
- Eftirfarandi bætist við skýringar við viðauka 2:
 - Samanlögð gildi ísómera
- Hámarksgildi fyrir eftirfarandi efni í kartöflum falla úr gildi:
 - Díallat + tríallat
 - Hexaklórbenzen